169

# Auglýsing

**frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík**

um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1916.

*Skrás. 1916 nr. 1.*

Tilkynt 8. febrúar 1916, kl. $3^1/_2$ síðd. af Geir Thorsteinsson, útgerðarmanni og kaupmanni, Reykjavík, og skrásett 12. s. m.

Lýsing á merkinu:



Skáferhyrningur og innan í hann letrað með þar til gerðu, sjerstöku letri, sem einnig myndar skáferhyrning, upphafsstafirnir GEIR.

*Skrás. nr. 2.*

Tilkynt 22 febrúar 1916, kl. 5 síðd. af De forenede Bryggerier A/S (eigendur að Tuborgs Fabrikker í Hellerup), verksmiðjueigendur og ölgerðarmenn, Kaupmannahöfn, og skrásett 25. s. m.



Lýsing á merkinu:

Mynd búin til úr beinum línum, og líkist hún stóru, latnesku T, en út úr miðjum stofni þess hægra megin gengur stutt, lárjett lína. Merkið er búið til með þeim hætti, að bókstafirnir T og F eru tengdir saman í eitt, en það eru upphafsstafirnir í nafni »Tuborgs Fabrikker«.

*Skrás. nr. 3.* 169

Tilkynt 23. febrúar 1916, kl. 4 síðd., af firmanu G. Eiríkss, heildsöluverslun Lækjartorgi 2, Reykjavík, og skrásett 26. s. m.

Lýsing á merkinu:

Hringur, og í gegnum hann miðjan dregin mynd af geir (spjóti) þannig, að oddurinn snýr til hægri handar. Innan í hringinn er letrað með þartil gerðu, sjerstöku letri, sem einnig myndar hring, hið forna spjótsheiti GEIR, með upphafsstöfum.

*Skrás. nr. 4.*

Tilkynt 29. febrúar 1916, kl. 6 síðdegis, af hlutafjelaginu »Kveldúlfur«, verslunar- og fiskiveiðafjelag, Reykjavík, og skrásett 4. mars s. á.



Lýsing á merkinu:

Reykháfur á gufuskipi, með svartri rönd efst, en þar fyrir neðan er honum skift í belti; og eru litir þeirra, talið ofan frá, sem hjer segir: blýgrátt, blátt, hvítt, rautt, hvítt, blátt, og blýgrátt síðan niður úr. Svarta röndin efst er jafn breið bláu beltunum, sem eru jafn breið. Rauða beltið er á breidd $^2/_3$ af bláu beltunum. Hvítu beltin eru jafnbreið og með sömu breidd og rauða beltið.

Fjelagið notar sömu liti á reykháfum skipa sinna, og í sömu röð.

169 *Skrás. nr. 5.*

Tilkynt 11 mars 1916, kl. 5 síðdegis af sama fjelagi og skrásett 14. s. m.



Brot af flaggstöng (efri hlutinn) með flaggi, og er breidd þess meðfram stönginni $^2/_3$ af lengd þess frá henni. Að ofan og neðan eru bláir bekkir, sem ná eftir allri lengd flaggsins. Milli bláu bekkjanna er hvítur feldur, einnig eftir allri lengdinni. Í hvíta feldinum er rauður feldur, sem nær úr rönd flaggsins stangarmeginn inn í flaggið þannig, að hann nær yfir $^5/_{18}$ af lengd þess. Á móti tjeðum rauðum feldi er annar jafnbreiður rauður feldur, sem gengur úr þeirri rönd flaggsins, sem fjær er stönginni, inn að henni, og er lengd hans $^8/_{18}$ af lengd flaggsins. Sá endi hans, sem veit að stönginni, er með afskornum hornum. Í hvíta reitnum, milli nefndra tveggja rauðu felda, er bókstafurinn »K« með rauðum lit.

Fjelagið notar á skipum sínum útgerðarflagg af sömu gerð.

*Skrás. nr. 6.*

Tilkynt 11. mars 1916, kl. 5 síðdegis af sama fjelagi, og skrásett 14. s. m.

Lýsing á merkinu:

Jafnhliða þríhyrningur og eru allar hliðar hans skornar í sundur í miðju. Innan í þríhyrningnum er bókstafurinn »K«.

*Skrás. nr. 7.*

Tilkynt 24. júlí 1916, kl. 6 síðd., af F. Hjorth & Co., stórkaupmönnum, Kaupmannahöfn, og skrásett 29. s. m.




Lýsing á merkinu:

Rjetthyrnt merki, og er ofantil í því uppdráttur Íslands, en þar fyrir neðan ornið: DETTIFOSS, hvorutveggja í sporöskjulagaðri umgjörð. Undir um-

169 gjörðinni er mynd af fossi, en vinstra megin við hana gjósandi hver og hægra megin gjósandi eldfjall. Í feldi neðst í merkinu standa orðin: Fineste Skandinavisk Export Kaffe Surrogat.

Vörumerki þetta á að nota á allskonar kaffibæti, og á að nota orðið »Dettifoss« sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

Samkvæmt tilk. dags. 23. nóv. 1915, hefir merkið verið skrásett í Kaupmannahöfn 27. s. m.

*Skrás. nr. 8.*

Tilkynt 24. júlí 1916, kl. 6 síðd., af sama, og skrásett 29. s. m.




Lýsing á merkinu:

Hringmyndað merki, og innan í því í hring orðin: Fineste Skandinavisk Export Kaffe Surrogat F. H. & Co. Yfir neðsta hluta hringsins er bogið band, og á það letrað: Vare Mærke. Innan í hringnum er mynd af kaffikönnu og tvennum bollapörum.

Merkið á að nota á allskonar kaffibæti, og er það skrásett í Kaupmannahöfn 21. febr. 1898, samkv. tilk. dags. 17. s. m. og síðan endurnýjað.

*Skrás. nr. 9.*

Tilkynt 14. október 1916, kl. 6 síðd. af James Buchanan & Co., Limited, Whiskygerðarmönnum, London, og skrásett 18. s. m.




Lýsing á merkinu:

Einkunnarmiði, þar sem standa í efstu línu orðin: Schotch Whisky, og í

annari línu með feitum stöfum orðin: »Black & White«. Í næstu línu, fyrir 169
neðan þau orð, eru með litlum stöfum orðin: Trade Mark, og undir þeim í tveim línum orðin: Special Blend of Choice Old Scotsh Whisky. Þar fyrir neðan er nafnið James Buchanan & Co. með skrifletri, og orðið: Limited með prentletri. Neðst standa orðin: Scotch Whisky Distillers, Glasgow & London. Mulben. Speyside, N. B.

Vörumerki þetta á að ná til Whisky, og orðin: »Black & White« sjerstakt tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Merkið er skrásett í London, 43. flokki, samkv. tilk. dags. 12. des. 1914.

*Skrás. nr. 10.*

Tilkynt 14. október 1916, kl. 6 síðd. af sama, og skrásett 18. s. m.




Lýsing á merkinu:

Einkunnarmiði, þar sem standa efst í bogadreginni línu orðin: Finest Selected Old Schotch Whisky. Þar fyrir neðan er skjöldur með ljóni, og standa orðin: Trade Mark sitt hvoru megin við hann. Fyrir neðan skjöldinn eru með stóru letri orðin: Buchanan's »Red Seal«. Undir þeim orðum er nafnið: James Buchanan & Co. með skrifletri, og orðið: Limited með prentletri. Neðst standa orðin: Distillers, Glasgow & London, Mulben, Speyside, N. B. Skjöldurinn er hafður bæði svartur og gyltur, og orðin: Buchanan's »Red Seal« bæði með svörtu og rauðu letri.

Vörumerki þetta á að ná til Whisky, og orðin: »Red Seal« sjerstakt tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Merkið er skrásett í London, 43. flokki, samkv. tilk. dags. 12. des. 1914.

169 *Skrás. nr. 11.*

Tilkynt 18. nóvember 1916, kl. 5 síðd., af Joseph Watson & Sons, Limited, sápugerðarmönnum, Whitehall Rood, Leeds, Englandi, og skrásett 24. s. m.

Lýsing á merkinu:

Efst er umgerð, og innan í henni miðri í smáhring mynd af hrútshaus; fyrir ofan hana standa með litlu letri orðin: Ram's Head, en undir henni með sama letri orðin: Trade Mark, hvorttveggja í boga. Báðu megin við myndina




standa með stórum stöfum orðin: Watson's Matchless Cleanser. Fyrir neðan umgerðina stendur með mjög smáu letri: The above design is stamped on every tablet, og þar undir með stóru letri orðin: Watson's Matchless Cleanser, en þar undir með smærra letri orðin: For Hot, Cold, Hard or Soft Water. Þá kemur strik, og undir því með stóru letri orðin: Charge of the Wash Tub Brigade, sem er fyrirsögn á vísu, er stendur þar fyrir neðan með mjög smáu letri, en innan í, þar sem vísan stendur, neðan frá og upp eftir í lóðrjettri línu, er með rithandarletri nafnið: Joseph Watson & Sons. Þar undir stendur prentað mál í umgerð, en utan um þetta alt er önnur stærri umgerð, og prentað mál bæði vinstra og hægra megin við hana, en neðst, undir aðalumgerðinni, standa með stóru letri orðin: Pleases Everybody, and Saves Labour, Time, and Money.

Merki þetta, sem nota á á sápu, er áður skrásett í London, 47. flokki, samkv. tilk. dags. 24. ág. 1904.

*Skrás. nr. 12.* **169**

Tilkynt 15. desbr. 1916, kl. 5 síðd. af Aitken, Melrose & Company, Limited, heildsölum, Edinburgh, Skotlandi, og skrásett 18. s. m.




Lýsing á merkinu:

Mynd af fornri kirkju, og stendur undir henni með stóru letri orðið: MELROSE.

Merkið, sem skrásett er í London, 42. flokki, 13. septbr. 1916, er ætlað fyrir tetegund, og er orðið Melrose sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

Á árinu hafa þessi merki verið *endurnýjuð*, samkv. 10. gr. vörumerkjalaganna:

Nr. 1 og 2 — 1906 (Det danske Petroleums-Aktieselskab), og *afmáð* hefir verið úr vörumerkjaskránni, samkv. 12. gr. sömu laga:

Nr. 3 — 1906 (Waldemar Petersen)

*Skrifstofu vörumerkjaskrárritarans í Reykjavík, 31. des. 1916.*